

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

3. desember 2025
UOS2501418/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 14. október 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Háafell ehf. þann 11. ágúst 2025. Þann 1. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara. Samkvæmt úrbótaáætlun hefur rekstraraðili sett það í verklag að tilkynna útsetningu seiða til Umhverfis- og orkustofnunar með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara ásamt að senda gögn um hvíldarsýnartöku.
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Vöktun fyrir útsetningu seiða í Seyðisfirði árið 2024 barst ekki tveimur vikum fyrir útsetningu. Vöktun barst 29. ágúst 2025, er því frávikinu lokað.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 29. ágúst 2025 og er frávikinu því lokað.
4. Gr. 3.12 í starfsleyfi. Olíutunna var án lekabyttu á fóðurpramma við Skarðshlíð, einnig voru önnur efni í vélarrúmi án lekabytta. Samkvæmt úrbótaáætlun þá hefur olíutunnan verið fjarlægð og lekabytta sett undir hin efni. Eftirlitsaðili fékk sendar myndir 1. desember 2025 og er frávikinu lokað.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Teymi eftirlits